



Reglur um val á Sjálfboðaliða ársins

Sjálfboðaliði ársins.

- Lýðheilsu- og íþróttanefnd í samvinnu við Íþróttafélögin í Kópavogi stendur fyrir kjöri á sjálfboðaliða ársins samhliða kjöri á Íþróttakarli, íþróttakonu og íþróttakvár ársins.
- Sjálfboðaliði ársins er valinn úr röðum sjálfboðaliða íþróttafélaganna í Kópavogi, sem hafa í gegnum árin nýtt eigin hæfileika, frítíma og sérþekkingu til að efla íþróttastarfið í sínu nærumhverfi með því að vinna að framkvæmd móta/leikja, safna fjármunum, bæta aðstöðu og/eða auka þátttöku hjá félögum í Kópavogi.
- Launað starfsfólk félaganna kemur ekki til greina í kjörinu.
- Kallað er eftir tilnefningum frá íþróttafélögum í Kópavogi en einnig getur lýðheilsu- og íþróttanefnd tilnefnt aðila.

Lýðheilsu- og íþróttanefnd /valnefnd

- Lýðheilsu og íþróttanefnd/valnefnd velur einn einstakling sem boðið er á Íþróttahátíð Kópavogsbæjar til að taka við heiðursviðurkenningunni sjálfboðaliði ársins.

Samþykkt í lýðheilsu- og íþróttanefnd 16. október 2025